

# Héraðsdómur Vesturlands

Dómur 28. apríl 2021

Mál nr. E-76/2017:

## **Borgarbyggð**

*(Friðbjörn Eiríkur Garðarsson lögmaður)*

## **gegn**

## **íslenska ríkinu**

*(Andri Andrason lögmaður)*

## **Dómur**

### **I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 5. mars sl., var höfðað með stefnu birtri 26. apríl 2017. Stefnandi er Borgarbyggð, Borgarbraut 14, Borgarbyggð, en stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

„Þess er krafist, að felldur verði úr gildi úrskurður óbyggðanefndar í málinu nr. 1/2014: Landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár, sem kveðinn var upp 11. október 2016, að því er varðar þjóðlendu á landsvæði innan neðangreindra marka: Frá þeim stað þar sem Langá fellur úr Langavatni (pt.1) á móti Álftaneshreppslandi yfir vatnið og að þeim stað sem Langavatnsdals á fellur í vatnið (pt. 2) og þaðan er ánni fylgt þangað til Mjóadalsá fellur í hana (pt. 3) og eftir Mjóadalsá upp á Sauðahrygg (pt. 4) og þaðan á móti sameignarlandi Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga í Dalabyggð eftir vatnaskilum á Víðimúla (pt. 5) og vatnaskilum sunnan Hrutaborgar (pt. 6) og í punkt norðaustan Hrutagilsdraga (pt. 7). Þaðan á móti landi Vífildals í Dalabyggð á vatnaskilum á Rangárdalsbrúnum (pt. 8) og áfram á vatnaskilum (pt. 9 og 10) að vatnaskilum á Borgarhraunseggjum (pt. 11) og áfram á vatnaskilum norðan Sátudals (pt. 12). Þaðan á móti fjalllendi Munaðarness í drög Sátudalsdrög (pt. 13) í Hærrifossa í Fossdalsá (pt. 14) og þaðan ræður Fossdalsá á móti sameignarlandi Hvassafells I og II, Hraunsnefi, Brekku, Hreðavatni og síðan Beilá á móti Beilárheiði (pt. 15) allt að s.k. Merkjahól (pt. 16) og þaðan ræður Beilá áfram á móti Grísartungu að Lækjarfarvegi við Langavatn (pt. 17) sem ræður merkjum að upphafspunkti. Stefnandi krefst einnig viðurkenningar á því, að innan framangreindra merkja sé engin þjóðlenda.“ Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt

mati réttarins með hliðsjón af málskostnaðarreikningi, líkt og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Við aðalmeðferð málsins tefldi lögmaður stefnanda fram þeirri varakröfu í seinni ræðu að viðurkennt yrði að Fjallendi Borgarhrepps teldist afréttareign stefnda, þ.m.t. veiðiréttur. Þeirri kröfu var hins vegar mótmælt af stefnda sem of seint framkominni. Lítur stefndi svo á, að breytingin sé honum í óhag og raski grundvelli málsins í veigamiklum atriðum. Þessi breyting á kröfugerð stefnanda er of seint fram komin og er til þess fallin að takmarka úrræði stefnda til varna í málinu. Kemst hún því ekki að hér fyrir dómi.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, en að öðrum kosti að aðilar verði látnir bera sinn kostnað af málinu.

Dómurinn fór á vettvang 29. september sl., ásamt fulltrúum málsaðila, og skoðaði hið umdeilda landsvæði.

## II.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta skal óbyggðanefnd kanna og skera úr um hvaða land teljist til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 21. febrúar 2008, tilkynnti nefndin þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar svæði 8, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. tilvitnaðra laga. Var svæði þessu nánar lýst svo að það tæki til sveitarfélaganna Skagafjarðar, Skagastrandar, Skagabyggðar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarbyggðar (fyrir utan fyrrum Kolbeinsstaðahrepp), Skorradalshrepps, Hvalfjarðar-sveitar og Akraneskaupstaðar. Nefndin tilkynnti síðan hinn 28. sama mánaðar um þá ákvörðun sína að skipta framangreindu svæði í tvennt og er svæði það sem hér er til umfjöllunar svokallað svæði 8B, eða 8 vestur, sem nær yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli. Afmarkast svæði þetta nánar af sveitarfélagamörkum Borgarbyggðar gagnvart austurmörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps, Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnavatnshreppi, þar til komið

er að jaðri Langjökuls. Að austan afmarkast svæðið af austur- og suðurjaðri Langjökuls þar til komið er að suðausturmörkum Borgarbyggðar. Þaðan er þeim mörkum fylgt þar til kemur að austurmörkum Hvalfjarðarsveitar, sem svo er fylgt til suðvesturs og vesturs að hafi. Að vestanverðu afmarkast svæðið af hafi.

Hinn 10. desember 2013 voru kröfulýsingar stefnda á svæðinu lagðar fyrir óbyggðanefnd og birti nefndin tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaði 18. desember 2013, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd. Stefnandi sendi óbyggðanefnd kröfulýsingu sína þar sem kröfum stefnda um þjóðlendu á því svæði sem mál þetta snýst um, Fjallendi Borgarhrepps, var mótmælt. Var þess krafist að viðurkennt yrði að stefnandi ætti beinan eignarrétt að svæðinu í samræmi við merkjalýsingu framlagðs landamerkjabréfs svæðisins auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og landsvæða, innan tilgreindra merkja. Til vara var þess krafist að viðurkenndur yrði fullkominn afnotaréttur stefnanda að landi innan sömu merkja sem kynni að verða úrskurðað sem þjóðlenda. Hinn 11. október 2016 kvað óbyggðanefnd upp úrskurð í máli sínu nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár.

Eins og fram kemur í úrskurði óbyggðanefndar liggur Fjallendi Borgarhrepps í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli og hefur meginleguna norður-suður. Landsvæðið er fjalllent og giljum skorið og rís hæst í um 800 m hæð, norðvestast á svæðinu. Að suðvestanverðu liggur Langavatn og Langavatnsdalur norðan þess. Einungis austurhluti Langavatnsdals fellur innan ágreiningssvæðisins. Hálendið austan Langavatns kallast Réttarmúli og norðan hans eru lægðadrög sem skera sundur hálendið og nefnast Moldskörð. Skilja þau að Réttarmúla og Borgarhraunseggjar, sem er gljúfraskorinn fjallgarður hömrum settur og hækkar til norðurs í um 750 hæð. Norður af Langavatnsdal liggur Víðidalur á milli Víðimúla og Borgarhraunseggja. Um Víðidal rennur Víðidalsá suður í Langavatnsá. Samhliða Langavatnsdal liggur Hróbjargardalur og eftir honum rennur Hróbjargardalsá. Austan Hróbjargardals er Fossdalur og milli dalanna að norðanverðu er hár og breiður múli sem nefnist Moldarmúli. Hróbjargardalsá og Fossdalsá renna saman sunnan dalanna og mynda Beilá. Við botn Fossdals koma saman tveir dalir, Mjóidalur vestar og Sátudalur sá eystri, og liggja þeir í norðausturhorni ágreiningssvæðisins.

### III.

Stefnandi byggir á því að hið umdeilda landsvæði sé eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, en þar sé eignarland skilgreint þannig að það sé landsvæði þar sem eigandi landsins fari með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segi til um á hverjum tíma. Þjóðlenda sé þar hins vegar skilgreind sem landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Stefnandi byggir á því að allt umrætt landsvæði hafi verið innan upphaflegra landnáma í Borgarfirði, nánar tiltekið innan landnáms Skallagríms Kveldúlfssonar, sem numið hafi land utan frá Selalóni og hið efra til Borgarhrauns. Í Sturlubók Landnámu segi enn fremur svo af landnámi innan landnáms Skallagríms á hinu umdeilda svæði: „Bersi goðlauss hét maður ... Hann nam Langavatnsdal allan og bjó þar ... Bersi goðlauss fékk Þórdísar dóttur Þórhadds úr Hítardal ok tók með henni Hólmslönd.“ Hálfur Langavatnsdalur sé því innan hins umdeilda lands, sem samkvæmt frásögn Landnámu hafi verið allur innan landnáms Skallagríms og síðar Bersa goðlauss.

Ekki sé ljóst hvenær byggð hafi lagst af í Langavatnsdal en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1709 sé því haldið fram að það hafi gerst í upphafi 15. aldar og þar segir enn fremur: „Längevatns Dalur heitir eyðipláts í fjöllum þeim, er liggja ámillum Mýrasveita og Breiðafjarðardala. Það er almenn sögn og fyrir satt haldið, að í þessum dal hafi að fornu byggð verið og lítil sveit. Kemur mönnum ekki saman um tölu bæjanna, hvað margir verið hafi. Þrír eru nefndir. Borg, sem verið skuli hafa kirkjustaður. Vatnsende annar, og skuli sjást á báðum þessum byggðarmerki forn. Þriðja Hafurstaðir. Ekki sjást þar girðingar.“

Við mynni Hafradals hafi staðið fyrrum bærinn Hafursstaðir, sem að hálfu hafi verið í eigu Akrakirkju, en eignarhalds kirkjunnar sé getið ítrekað í máldögum kirkjunnar á árunum 1258-1470. Eftir 1470 sé jarðarinnar ekki getið í máldögum kirkjunnar. Hafi jörðin verið í eyði þegar Jarðabók Árna og Páls hafi verið rituð. Þá hafi Akrakirkja í máldögum sínum talið Kvígindisdal og Sandvatnsnes meðal eigna sinna, en landsvæðin liggi bæði innan hins umdeilda lands. Miklar byggðarleifar séu enn sýnilegar á Borg, enda virðist sú jörð hafa haldist lengst í byggð af bæjum í dalnum. Þá hafi tilraunir verið gerðar á 19. öld til þess að byggja jörðina að nýju.

Jón Jónsson, prestur í Stafholti, hafi lögfest hálfan Fossdal norðan fram og hálfan Grímsdal fram Ketilsgil eftir kirkjunnar máldaga og fimmtarstefnudómi 31. júlí 1707 og lögfest þessi sömu svæði á árunum 1714, 1736, 1738 og 1738.

Í erindisbréfi til Landsnefndarinnar síðari, útgefnu árið 1770, sé Langavatnsdals getið meðal fyrirlátinna byggða sem nefndarmenn hafi átt að kanna hvort byggjast mættu að nýju.

Hinn 20. mars árið 1937 hafi dóms- og kirkjumálaráðuneytið og Guðmundur Daníelsson í Svignaskarði haft með sér makaskipti á eign Guðmundar „hálfum Víðidal öllum“, „sbr. landamerkjabréf fyrir afréttarlandi Borgarhrepps í Mýrasýslu og á landspildu nefndri Staðartungu eign ríkissjóðs.“ Hinn 10. september 1970 hafi ríkissjóður selt Borgarhreppi hálfan Víðidal með heimild í lögum nr. 20 frá 12. febrúar 1940.

Af framangreindum viðskiptum verði ekki annað ráðið en að fyrir liggi að íslenska ríkið hafi viðurkennt fullkominn eignarrétt Borgarhrepps á landinu.

Meðal sérmetinna eigna Stafholtskirkju í Jarðamatinu 1849-1850 hafi verið Beilárheiði, með hálfum Grímsdal og hálfum Fossdal og öllum Hróbjargardal, ofan að Beilá, sem árnar ráði, er kenndar séu við dalinn allt beint upp undan Grísatungu. Þetta land sé innan hins umdeilda svæðis. Hafi landið verið selt á opinberu uppboði árið 1853 samkvæmt heimild í konungsráði frá árinu áður. Kaupandi hafi verið forveri landeiganda og kaupverðið numið 79 ríkisbankadöllum. Verði það að teljast geypiverð fyrir land sem samkvæmt málalíbúnaði íslenska ríkisins hafi verið einskis manns land. Harla ólíklegt verði að telja að sveitarstjórnarmenn á miðri 19. öld hafi farið svo ósparlega með almannafé.

Jón Helgason hafi ritað grein í tímaritið Íslenskt mannlíf árið 1959 sem hann hafi nefnt Landskuld af Langavatnsdal. Í greininni sé fullyrt að Jörundur Ólafsson frá Hliði hafi ásamt tveimur húsmönnum sínum sótt um nýbyggjararétt á Langavatnsdal eftir ákvæðum nýbýlatiskipunar. Jafnframt sé því slegið föstu að 28. maí 1810 hafi verið gerð áreið á Langavatnsdal og land undir fyrirhuguð nýbýli afmarkað. Þá segi að síðsumars sama ár hafi Stefán Stephensen amtmaður veitt Jörundi og húsmönnum hans tveimur

nýbyggjaraleyfi. Höfundur vísi í ýmsar heimildir í greinarlok en tengi þær ekki við einstakar fullyrðingar í greinartextanum sjálfum. Meðal heimilda sem höfundur geti séu þing- og dómabók Mýrasýslu, bréfabækur og bréfadagbækur suður- og vesturamtsins. Ekki verði séð að heimildaleit Þjóðskjalasafns hafi náð til skjala amtmanns, en hafi nýbyggjarabréf verið gefið út til Jörundar og húsmanna hans sé hafið yfir allan vafa að það land sem nýbýlunum hafi verið afmarkað sé beinum eignarrétti undirorpið í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunarinnar.

Jafnvel þótt hluti hins umdeilda landsvæðis hafi verið nýttur sem afréttur teljist það ekki vera samnotaafréttur í lagalegum skilningi. Sé slík nýting á eignarlandi til beitarafnota alvanaleg og í samræmi við hefðbundna búskaparhætti. Hún feli hins vegar ekki í sér framsal eða afsal beins eignarréttar eða að beinn eignarréttur að landinu hafi fallið niður, líkt og ráða mætti af greinargerð íslenska ríkisins, enda ekki fyrir hendi nokkur lagalegur grundvöllur til slíks.

Forvitnileg sé tengingin á milli Hólmslanda og Langavatnsdals og standi líkur til þess að löndin hafi náð saman, sbr. lýsingu af vígi Bjarnar Hítðælakappa sem búið hafi í Hólmi, en þegar hann hafi verið veginn hafi húskarlar hans verið við gegningar í Langavatnsdal. Rík tengsl hafa því verið milli Hólmslanda og Langavatnsdals.

Byggð virðist hafa lagst af snemma í Hólmi sem og í Langavatnsdal og líklegt megi telja að forveri landeiganda hafi eignast landið fyrir kaup þótt nú virðist sá gerningur glataður. Standi líkur til þess að það hafi gerst þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi hafi brunnið til kaldra kola árið 1920.

Að vísu hafi varðveist afsalsbréf frá íslenska ríkinu til forvera landeiganda fyrir hluta hins umdeilda lands, n.t.t. hálfum Víðidal öllum, dags. 10. september 1940. Þá hafi forveri landeiganda eignast tvo hólma í Langavatni með afsali, dags. 17. mars 1942.

Gagnstætt því sem haldið sé fram í forsendum úrskurðar óbyggðanefndar séu ekki heimildir um annað en að landið hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland

almennt að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að land jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Stefnandi leggi áherslu á að þegar metið sé hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varði núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðji tilkall þeirra til beinna eignarréttinda innan ummerkja jarðarinnar. Núverandi þinglýstir eigendur hafi og alla tíð farið með landið eins og um fullkomna eign væri að ræða.

Stefnandi telji ljóst að land jarðarinnar, eins og því sé lýst, hafi verið innan landnámssvæða og mótmæli því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í efa.

Stefnandi vísi til þess að frá öndverðu hafi lög kveðið á um merkjagerð, í það minnsta þegar aðilaskipti hafi orðið að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar segi: „Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja ...“

Þá segi í 3. kapítula landsbrigðapáttar um merkjagöngu: „Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki.“ Sambærilegt ákvæði sé í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar hafi bréfun landakaupa verið gerð lögskyld. Merkjalýsingar sé þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafi. Merkjagangan, sem fram hafi farið eftir kaup, hafi þannig haldið gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveist í munnlegri geymd.

Það hafi verið fyrst við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðar með lögum nr. 41/1919 að stjórnvöld hafi haft frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau

skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú í miklum fjölda tilfella að elstu upplýsingar um landamerki jarða verði ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Stefnandi byggir kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eigi í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins fyrir óbyggðanefnd hafi þannig komið stefnanda á óvart þar sem hann hafi athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu. Þegar haft sé í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Stefnandi telji að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Telji stefnandi að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta henni. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum, enda séu landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum sem sanni beinan eignarrétt þeirra. Þá hátti hér svo til að sönnunargögn um eignarréttindi hafi farið forgörðum þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi hafi brunnið til kaldra kola árið 1920. Sé óeðlilegt og ósanngjarnt að láta landeigendur gjalda þess.

Stefnandi haldi því og fram að eftir að ríkisvald hafi stofnast hér á landi hafi handhafar þess margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telji enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefingarkröfu á hendur landeigendum þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu



fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Stefnandi minni á að heimildarskjölum hans fyrir jörðinni hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Hafi landeigendur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Stefnandi byggir á því að lög nr. 58/1998 verði ekki skýrð á þá leið að hann þurfi að sýna frekar fram á en þegar hafi verið gert að umrætt landsvæði sé eignarland hans og þar með ekki þjóðlenda. Ekki ráði úrslitum í máli þessu þótt í heimildum sé notast við orðið afréttur um eða varðandi hið umdeilda landsvæði. Afréttur geti verið heimaafreitur og ekki eingöngu notaður til sumarþeirra fyrir búfé. Þá ráði ekki úrslitum um eignarhald þótt land sé aðeins notað til sumarþeirra, sbr. Hrd. nr. 48/2004.

Á því sé byggt að verði eignarréttur stefnanda ekki viðurkenndur á grundvelli þinglýstra eignarheimilda hafi hann öðlast eignarrétt að hinu umdeilda landsvæði fyrir hefð og sé hvað það varði vísað til 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga um hefð nr. 46/1905. Eignarhefð verði unnin á fasteign með tuttugu ára óslitnu eignarhaldi og stefnandi og fyrri eigendur hafi í góðri trú haft öll umráð landsins í árhundruð. Fullnægt sé öllum skilyrðum hefðar um eignarhaldstíma, virk umráð og huglæga afstöðu og samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905, að því er varði umrætt landsvæði. Með hliðsjón af afstöðu eigenda á hverjum tíma og nýtingu þeirra verði að telja að sú hefð hafi verið til eignar á landinu en ekki aðeins náð til takmarkaðra afnota eða ítaksréttinda.

#### IV.

Af hálfu stefnda er einkum á því byggt að Fjallendi Borgarhrepps sé svæði utan eignarlenda og teljist því þjóðlenda í samræmi við úrskurð óbyggðanefndar á svæðinu, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Stefndi telji fullljóst af heimildum að landsvæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Að mati stefnda hvíli sönnunarbyrðin ótvírætt á stefnanda að sýna fram á tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu, eða einstökum hlutum þess.

Af hálfu stefnda er á því byggt að ekki hafi verið leitt í ljós að innan merkja Fjallendis Borgarhrepps hafi stofnast til eignarlands með námi. Þó lýsingar Landnámu kunni að benda til þess að land hafi verið numið á hluta þrætusvæðisins liggi ekkert fyrir um afmörkun slíks náms. Þá bendi heimildir um byggð á Langavatnsdal til þess að hún hafi snemma lagst af og landsvæðið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Þá liggi ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kunni að hafa verið stofnað til. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur hafi stofnast á svæðinu sé á því byggt að hann hafi fallið niður og svæðið síðar verið tekið til takmarkaðra afnota. Hvað aðra hluta deilusvæðisins en Langavatnsdal varði byggi stefndi á því að ekkert bendi til þess að þau hafi verið numin til eignar.

Elsta þekkt heimild um Hróbjargardal sé máldagi Steina prests Þorvarðssonar fyrir Stafholtskirkju frá því um 1140, þar sem afrétt í Hróbjargardal sé meðal þeirra eigna sem lagðar hafi verið til kirkjunnar samkvæmt upptalningu máldagans. Fossdals sé aftur á móti fyrst getið meðal eigna Stafholtskirkju í vísitasíu kirkjunnar frá árinu 1639. Í heimildum kirkjunnar hafi verið vísað til svæðanna sem afréttar í Hróbjargardal og hálf Fossdals, en slíkt orðalag gæti verið vísbending um að eignarréttarleg staða svæðanna tveggja væri, eða hefði verið, mismunandi. Fyrirliggjandi heimildir bendi hins vegar ekki til þess að nokkur greinarmunur hafi verið gerður á eignarréttarlegri stöðu svæðanna tveggja.

Þá verði ekki ráðið af heimildum hvernig Stafholtskirkja hafi upphaflega verið komin að rétti sínum til umræddra svæða, hver hafi verið landfræðileg afmörkun réttindanna eða hvert inntak þeirra réttinda hafi verið. Auk þess séu landsvæðin landfræðilega aðskilin frá Stafholti, sem bendi til þess að um þjóðlendu hafi verið að ræða fremur en eignarland. Heimildir um Hróbjargardal og vesturhluta Fossdals vísi einungis til óbeinna eignarréttinda, það er beitar eða annarra takmarkaðra afnotaréttinda. Engar heimildir liggi fyrir um byggð á svæðinu eða að Hróbjargardalur eða vesturhluti Fossdals hafi nokkru sinni verið hluti jarðar. Með vísan til framangreinds telji stefndi ljóst að ekki hafi verið sýnt fram á að Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals séu eignarlönd heldur séu þau þjóðlendur í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar þar um.

Stefndi bendi á að engar heimildir séu til um heildarafmörkun Víðidal, en austurhluta Víðidal sé fyrst getið í máldaga kirkjunnar að Svignaskarði frá því um 1325, þar sem segi að kirkjan hafi átt að fornu hálfan Víðidal. Í máldögum og öðrum heimildum um kirkjuna að Svignaskarði sé Víðidalur ekki nefndur aftur fyrr en í Gíslamáldaga fyrir hálfkirkjuna á Svignaskarði frá því um 1570. Þar segi um eignir kirkjunnar að hún eigi „Jtem allann hálffann Vijdedal“. Af fyrirliggjandi heimildum sé þó óljóst hvert inntak og umfang réttar kirkjunnar til Víðidal hafi verið. Jörðin Svignaskarð hafi svo verið seld frá kirkjunni að Svignaskarði 1534-1539 og hálfkirkja verið áfram á staðnum. Kirkjan hafi haldið „hálfum Víðidal“ en virðist ekki hafa haldið uppi réttindum sínum á svæðinu eftir 1570. Ekki sé minnst á Víðidal í jarðamati fyrir jörðina Svignaskarð, hvorki 1804 né 1849-1850.

Ekkert liggi fyrir um hvernig réttindi á Víðidal hafi farið frá kirkjunni til eiganda jarðarinnar Svignaskarðs en ekki sé minnst á Víðidal í heimildum frá 1570 til 1887. Landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir Svignaskarð árið 1887 og Víðidal þar getið. Það hafi hins vegar ekki fundist. Austurhluti Víðidal hafi verið innan landamerkjabréfs fyrir afréttarsvæði Borgarhrepps 1892. Í fasteignamati 1916-1918 segi svo um Svignaskarð að jörðin eigi ítak í annarra lönd, þ.e. Víðidal allan. Verður að telja að þetta bendi ekki til þess að eigandi Svignaskarðs hafi litið svo á að um bein eignarréttindi á Víðidal væri að ræða.

Árið 1937 hafi Guðmundur Daníelsson, eigandi Svignaskarðs og sem eigandi Víðidal, gert makaskipti við íslenska ríkið á Víðidal og Staðartungu. Í kjölfarið, eða árið 1940, hafi íslenska ríkið svo afsalað hálfum Víðidal til hreppsnefndar Borgarhrepps. Það sé mat óbyggðanefndar að engin gögn liggi til grundvallar eignarréttartilkalli eiganda Svignaskarðs á landsvæðinu og að hann hafi skort viðhlítandi heimild til að ráðstafa því með makaskiptasamningi við íslenska ríkið. Taki stefndi undir þau sjónarmið. Þá verði ekki ráðið af orðalagi og framsetningu afsalsins, sem þinglýst hafi verið 4. desember 1942, hvort ætlunin hafi verið að afsala beinum eignarrétti á landinu eða afréttareign. Ekkert bendi hins vegar til þess að landsvæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti og afsalið frá 1940 geti þannig ekki haft sjálfstætt gildi til stuðnings slíkum rétti, enda verði ekki ráðið af afsalinu hvers kyns réttindum verið væri að afsala. Stefndi byggir einnig á því að heimildir um not landsvæðisins bendi einungis til þess að hefðbundinni

afréttareign hafi þarna verið ráðstafað og að makaskiptin hafi einungis verið á þeim grundvelli.

Takmarkaðar heimildir sé að finna um vesturhluta Víðidals. Elstu heimildir um landsvæðið séu bréfaskipti hreppsnefndar Borgarhrepps og hreppsnefndar Hörðudalshrepps í Dalasýslu frá 1880-1883. Af bréfaskiptunum megi ráða að deilur hafi verið uppi um hvorum hreppanna Víðidalur tilheyrði. Árið 1892 hafi hrepparnir gert samkomulag um að Borgarhreppur leigði Víðimúla, innan vesturhluta Víðidals, en sama dag hafi verið gert sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttarlandið með vesturhluta Víðidals. Hreppsnefnd Borgarhrepps hafi síðar keypt vesturhluta Víðidals árið 1918 og í kjölfarið hafi verið gert nýtt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps þar sem vesturhluta Víðidals hafi verið bætt við merkjalýsingar eldra landamerkjabréfsins.

Stefndi telji að af heimildum um austur- og vesturhluta Víðidals megi ráða að Víðidalur hafi aldrei verið undirorpinn beinum eignarrétti. Réttur til landsins hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumardeildar og annarrar takmarkaðrar notkunar og að nýting svæðisins hafi alla tíð verið bundin við takmörkuð afnotaréttindi. Víðidalur, bæði austur- og vesturhluti hans, sé því þjóðlenda, í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar þar um.

Heimildir um réttindi á austurhluta Langavatnsdals, ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum, séu margar og ljóst að margir mismunandi aðilar telji sig hafa átt tilkall til landsvæðisins frá öndverðu. Bendi heimildir um landsvæðið til þess að svæðið hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotaafréttur til upprekstrar fyrir búfé. Fjölmargir máldagar og vísitasúr frá 12.-19. öld geti þannig um afrétt Hítardalskirkju á Langavatnsdal. Þá hafi jörðin Hrafnabjörg í Dalasýslu átt beitararéttindi á Langavatnsdal samkvæmt kaupbréfi frá 31. desember 1393, en ekki liggi svo fyrir aðrar heimildir um réttindi Hrafnabjarga á svæðinu fyrr en 527 árum síðar, þegar Hjörtur Sigurðsson á Ytri-Hrafnabjörgum hafi gert athugasemd við landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps, dags. 2. nóvember 1920, þess efnis að Hrafnabjörg ætti „samkvæmt Hrafnabjarga máldaga tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.“ Ekki sé heldur getið um þessi réttindi Hrafnabjarga í Langavatnsdal í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1709.

Þá komi fram í Jarðabók að eigendur margra jarða í Álftanes- og Borgarhreppum hafi átt afréttarnot á Langavatnsdal. Þannig hafi jörðin Stóra-Fjall átt afrétt í Réttarmúla. Þrátt fyrir að fyrrgreindar heimildir bendi til þess að Hítardalskirkja hafi átt tilkall til réttinda á svæðinu verði að telja að umfjöllun í Jarðabók bendi ekki til þess að kirkjan hafi átt sérstakan rétt umfram eigendur annarra jarða á svæðinu til afréttarnota á Langavatnsdal. Þannig komi fram í Jarðabók að afréttarnotin hafi verið tollfrí um langan aldur, sem bendi til þess að afréttarnot á þrætusvæðinu hafi ekki verið háð sérstöku leyfi umráðamanna Hítardalskirkju.

Í þessu sambandi sé rétt að líta til þess að fyrir liggi fleiri heimildir en heimildir kirkjunnar um svæðið. Þannig komi fram í svari Þorgríms Sigurðssonar, sýslumanns í Mýrasýslu, til Landsnefndarinnar árið 1770 að Langavatnsdalur sé nýttur sem „Almennings Afriett“. Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1804 segi að Langavatnsdalur sé álitinn vera almenningur. Þá segi um Langavatnsdal í lýsingum frá árinu 1840 að hann sé afréttarland „sem almenningur brúkar“ og bæði Álftanes- og Borgarhreppur hafi þar upprekstur og leiti hvor til sinnar réttar. Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1853 segi að bæir vestan Gljúfurár eigi afrétt á Langavatnsdal.

Hvað varði réttindi Galtarholts til fjallendisins Réttarmúla sé ljóst að engar heimildir hafi fundist um bein eignarréttindi jarðarinnar til svæðisins.

Engar samtímaheimildir liggi fyrir um forna byggð á Langavatnsdal og elsta heimildin þar sem fjallað sé um byggð þar sé Jarðabók Árna og Páls frá 1709. Fyrirliggjandi heimildir um forna byggð á Langavatnsdal, sem um margt séu afar óljósar, bendi til þess að hún hafi snemma lagst af að fullu, í síðasta lagi skömmu eftir aldamótin 1400, en líklega fyrr. Svæðið hafi í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota í skjóli óbeinna eignarréttinda.

Hvað varði meint eignarhald baróns Charles Gouldrée-Boilleau á hólum í Langavatni sé því alfarið hafnað að um beinan eignarrétt hafi verið að ræða. Heimildir bendi enda ekki til annars en að aðeins hafi verið um að ræða nýtingu veiðiréttinda á landsvæðinu. Þá verði að telja að réttindin hafi upphaflega verið leidd frá Borgarhreppi enda hafi

hólmarnir fallið innan afmörkunar á afréttarlandi Borgarhrepps samkvæmt landamerkjabréfi þess frá 1892. Eignarréttarleg staða hólmannanna geti ekki ráðist af öðru en landamerkjabréfinu, en stefndi byggði á því að það hafi einungis tekið til takmarkaðra réttinda á landsvæðinu en ekki beins eignarréttar. Síðari afsöl geti því ekki hafa verið um önnur réttindi en þau.

Þá liggi fyrir fjölmargar heimildir um hugleiðingar um nýbýlastofnun á Langavatnsdal í samræmi við nýbýlatilskipunina 1776 og heimildir séu um byggð á svæðinu á árunum 1811-1814. Stefndi byggði hins vegar á því að ekkert liggi fyrir um að stofnað hafi verið til nýbýlis á þrætusvæðinu á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar með tilskildum hætti. Þá sé einnig á það bent að til þess að til eignarréttar teljist hafa stofnast á grundvelli tilskipunarinnar verði byggingarbréf að hafa verið gefið út og því þinglýst, allt í samræmi við 6. gr. tilskipunarinnar, sbr. og dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Ekkert bendi til þess að svo hafi verið gert í því tilviki sem hér um ræði.

Þær takmörkuðu heimildir sem til séu varðandi Mjóadal og vesturhluta Sátudals bendi til þess að þeir hafi talist til leitarsvæða Borghreppinga. Svæðisins sé einungis getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot og engar heimildir séu um önnur not en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nýttjar. Þá séu engar heimildir um byggð á svæðinu.

Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafi atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign. Stefnandi hafi ekki sannað að mati stefnda að þetta svæði hafi verið beinum eignarrétti háð. Af því leiði að Mjóidalur og vesturhluti Sátudals séu þjóðlendur í samræmi við úrskurð óbyggðanefndar.

Hvað varði málsástæðu stefnanda um að fullur hefðartími sé liðinn sé til þess að líta að ekkert liggi fyrir um annað en að þrætusvæðið allt, eða einstakir hlutar þess, hafi aðeins verið nýttir til takmarkaðra nota. Fyrir liggi fjöldi dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem rétturinn staðfesti að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun á afréttarsvæðum, séu ekki talin nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að slíkum svæðum. Þau gögn og upplýsingar sem fyrir liggi varðandi umráð svæðisins geti ekki fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið

eignarhald á fasteign. Geti beinn eignarréttur að svæðinu ekki hafa stofnast fyrir hefð, eftir gildistöku laga nr. 46/1905, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna né sérreglu 12. gr. þeirra.

Stefndi hafni því að réttmætar væntingar geti verið grundvöllur fyrir eignarréttartilkalli á svæðinu. Sú regla verði m.a. leidd af dómi Hæstaréttar í máli nr. 199/1978 (Landmannaafréttardómur síðari) að löggjafinn sé einn bær til þess að ráðstafa réttindum yfir landsvæði utan eignarlanda. Landslög þurfi til ráðstöfunar fasteigna ríkisins og athafnir eða athafnaleysi starfsmanna stjórnarsýslunnar geti ekki leitt af sér slík yfirráð nema sérstök lagaheimild hafi verið fyrir hendi, þ.m.t. það að þjóðlenda hafi verið látin af hendi. Þær væntingar sem kunni að grundvalla eignarrétt þurfi einnig að vera sannanlega réttmætar, þ.e. ef heimildir og nýting lands bendi ekki til beins eignarréttar geti réttmætar væntingar ekki stofnað til slíkra réttinda.

Með vísan til þess sem að framan sé rakið telji stefndi að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á eignarrétt sinn að hinu umdeilda svæði. Telji stefndi því að hið umdeilda landsvæði, svo sem það sé afmarkað í kröfugerð stefnanda og fari saman við niðurstöðu óbyggðanefndar, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## V.

### *Niðurstæða*

#### 1

Í umfjöllun sinni skipti óbyggðanefnd hinu umdeilda svæði, Fjallendi Borgarhrepps, í nokkur undirsvæði, þ.e. Hróbjargardal ásamt vesturhluta Fossdals, austur- og vesturhluta Víðidals, austurhluta Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum og Mjóadal ásamt vesturhluta Sátudals. Var niðurstæða óbyggðanefndar sú að öll framangreind svæði væru þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998 um þjóðlendur o.fl. Krefst stefnandi þess að úrskurður nefndarinnar verði að þessu leyti felldur úr gildi og að viðurkennt verði að á þessum svæðum innan tilgreindra merkja sé engin þjóðlenda. Greinir aðila ekki á um mörk þessara svæða heldur hvort svæðin séu beinum eignarrétti undirorpin.

Í Landnámu er greint frá því að Bersi goðlauss, sonur Bálka Blængssonar úr Hrútafirði, hafi numið Langavatnsdal allan og búið þar, en austurhluti dalsins er innan ágreiningssvæðisins. Ekkert kemur þar hins vegar fram um landnám annarra hluta ágreiningssvæðisins. Samkvæmt þessu og að virtum aðstæðum öllum verður að telja líklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið að hluta. Hins vegar liggur ekkert fyrir um afmörkun slíks náms svo að á því verði í nokkru byggt.

2

### *Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals*

Elsta þekkta heimild um Hróbjargardal er máldagi Steina prests Þorvarðssonar fyrir Stafholtskirkju frá því um 1140, þar sem afrétt í Hróbjargardal er tilgreind meðal þeirra eigna sem lagðar hafi verið til kirkjunnar. Fossdals er aftur á móti fyrst getið meðal eigna Stafholtskirkju í vísitasíu kirkjunnar frá árinu 1639 og í seinni heimildum kirkjunnar fram á 19. öld er vísað til svæðanna sem afréttar í Hróbjargardal og hálfis Fossdals, Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals eru landfræðilega aðskildir frá Stafholti. Ekkert liggur fyrir um hvernig Stafholtskirkja var upphaflega komin að rétti sínum til umræddra svæða, hver hafi verið landfræðileg afmörkun réttindanna eða hvert inntak þeirra réttinda hafi verið. Heimildir um þessi svæði fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not, svo sem selstöðu, og engar heimildir liggja fyrir um að þar hafi nokkru sinni verið byggð eða að þau hafi nokkru sinni verið hluti jarðar. Verður ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á að hann hafi öðlast rétt til þessara svæða fyrir nám, löggerninga eða með öðrum hætti. Þar sem ekki er vitað til þess að nokkru sinni hafi verið búseta á þessum svæðum, og þar sem ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign, verður heldur ekki á það fallist með stefnanda að til beins eignarréttar að landinu geti hafa stofnast fyrir hefð. Með hliðsjón af framangreindu, og að gættum þeim sönnunarreglum sem mótast hafa á undanförunum árum á þessu sviði og ekki teljast í andstöðu við ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að svæðið Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals sé háð beinum eignarrétti og teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.



*Austurhluti Víðidals*

Engar heimildir liggja fyrir um heildarafmörkun Víðidals, en austurhluta Víðidals er fyrst getið í máldaga kirkjunnar að Svignaskarði frá því um 1325, þar sem segir að kirkjan hafi átt að fornu hálfan Víðidal. Í máldögum og heimildum um kirkjuna að Svignaskarði og eigendaskipti þeirrar jarðar er Víðidalur ekki nefndur aftur fyrr en í Gíslamáldaga fyrir hálfkirkjuna á Svignaskarði frá því um 1570, en þar segir um eignir kirkjunnar að hún eigi „Jtem allann hálffann Vijdedal“. Ekki er hins vegar minnst á Víðidal í heimildum á tímabilinu 1570 til 1887 og ekki í jarðamötum Mýrasýslu frá 1804 og 1849-1850.

Fram kemur í dóma- og þingbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að á manntalsþingi á árinu 1887 hafi verið lesin landamerkjaskrá fyrir Svignaskarð. Segir þar svo: „Lesin landamerkjaskrá fyrir Svignaskarði, vantar undirskrift Borgarhreppsnefndar að því er Víðidal snertir.“ Afrit af landamerkjabréfinu sjálfu hefur hins vegar ekki fundist. Þá var á árinu 1892 gert sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps og tók merkjalýsing þess m.a. til austurhluta Víðidals án sérstakrar tilgreiningar hans, en ekki til vesturhlutans. Landamerkjabréfið var undirritað um samþykki vegna Hörðudals-hrepps og Álftaneshrepps, en ekki er að sjá að því hafi verið þinglýst. Í landamerkjabréfinu segir einnig: „Innan þessara landamerkja eru ekki ítök, nema Svignaskarðs í allan hálfan Víðidal.“ Þá kemur fram í umfjöllun um jörðina Svignaskarð í fasteignamati Mýrasýslu 1916-1918 að jörðin eigi ítök í annarra lönd, þ.e. Víðidal allan, en þar segir svo: „Eftir gömlum máldögum telur jarðareigandi að jörðin eigi þessi ítök í annarra lönd: „Hálfan Víðidal allan“ í afrétti ... en ekki er talið að jörðin hafi neinn arð af þessum ítökum.“ Virðist framangreint ekki benda til þess að eigandi Svignaskarðs hafi litið svo á að um bein eignarréttindi á Víðidal væri að ræða, heldur „ítök í annarra lönd“.

Hinn 20. mars 1937 náðist samkomulag milli eiganda Svignaskarðs og íslenska ríkisins um makaskipti þannig að íslenska ríkið fengi „hálfan Víðidal allan“ en eigandinn fengi Staðartungu. Í kjölfarið, eða árið 1940, afsalaði svo íslenska ríkið hálfum Víðidal til hreppsnefndar Borgarhrepps, sem hafði árið áður tekið svæðið á leigu af íslenska ríkinu, en Borgarheppur er eitt þeirra sveitarfélaga sem nú mynda Borgarbyggð, stefnanda máls þessa.

Með hliðsjón af framangreindu og gögnum málsins að öðru leyti er fallist á það mat óbyggðanefndar að engin gögn liggja fyrir í málinu sem styðji eignarréttarlegt tilkall eiganda Svignaskarðs til umrædds landsvæðis og að hann hafi skort viðhlítandi heimild til að ráðstafa því með fyrrgreindum makaskiptasamningi við íslenska ríkið. Þegar einnig er höfð í huga sú meginregla íslensks réttar að sá sem afsalar landi geti ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann sjálfur átti, og að ekkert í fyrrgreindum samningi bendir fremur til þess að aðilar hans hafi staðið í þeirri trú að um beinan eignarrétt væri að ræða, verður ekki heldur talið að samningur þessi hafi sjálfstætt gildi til stuðnings beinum eignarrétti stefnanda á þessu svæði. Verður þannig hafnað þeirri málsástæðu stefnanda að stefndi hafi með samningnum viðurkennt fullkominn eignarrétt Borgarhrepps, nú stefnanda, að landinu og að stefnandi hafi af þeim sökum mátt hafa til þess réttmætar væntingar að um afsal á beinum eignarrétti væri að ræða. Með hliðsjón af framangreindu, og að gættum þeim sönnunarreglum sem mótast hafa á undanförunum árum á þessu sviði og ekki teljast í andstöðu við ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að svæðið austurhluti Víðidals sé háð beinum eignarrétti og teljist ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

#### 4

##### *Vesturhluti Víðidals*

Takmarkaðar heimildir er að finna um vesturhluta Víðidals. Elstu heimildir um landsvæðið eru bréfaskipti hreppsnefndar Borgarhrepps og hreppsnefndar Hörðudals-hrepps í Dalasýslu frá 1880-1883 vegna ágreinings hreppanna um það hvorum þeirra svæðið tilheyrði. Árið 1892 undirrituðu hrepparnir samning um að Borgarhreppur myndi leigja „afrjettarland“ Hörðudalshrepps, Víðimúla, sem er innan vesturhluta Víðidals. Þá var, eins og áður er fram komið, þann sama dag gert sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps, sem ekki tók til vesturhluta Víðidals. Hreppsnefnd Borgarhrepps keypti síðan „innarhluta“ Víðidals af Hörðudalshreppi árið 1918 og var afsal vegna kaupanna gefið út 30. desember það ár og því þinglýst í kjölfarið. Var í framhaldi af því gert nýtt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps 2. nóvember 1920 og tók lýsing þess bæði til vestur- og austurhluta Víðidals.

Fallist er á þá ályktun sem fram kemur í úrskurði óbyggðanefndar að sú ályktun verði dregin af fyrirliggjandi landnámslýsingum að ólíklegt sé að þessi hluti ágreinings-svæðisins hafi verið innan upphaflegs landnáms. Þá liggur fyrir að samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er svæðisins einungis getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot, en engar heimildir eru þar um byggð eða önnur not. Samkvæmt því verður stefnandi ekki talinn hafa sýnt fram á að upphaflegur beinn eignarréttur að hinu umdeilda svæði hafi á einhvern hátt stofnast til handa stefnandanum Borgarbyggð eða flust yfir til hans heldur hafi með fyrrgreindu afsali til Borgarhrepps eingöngu stofnast til afnotaréttar, s.s. hefðbundins beitarréttar. Með hliðsjón af framangreindu, og að gættum þeim sönnunarreglum sem mótast hafa á undanförunum árum á þessu sviði og ekki teljast í andstöðu við ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að svæðið vesturhluti Víðidals sé háð beinum eignarrétti og teljist ekki jþjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 5

### *Austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum*

Elsta fyrirliggjandi heimild þar sem getið er um Langavatnsdal er máldagi Þorláks biskups Þórhallssonar fyrir kirkjunni undir Hrauni (Staðarhrauni) frá árinu 1185. Þar er m.a. getið um „afreitir j langa vatzdal notum [nautum] ollom. oc lia eigi oprom“, í umfjöllun um eignir og réttindi kirkjunnar. Elsta heimild um réttindi Hítardalskirkju á Langavatnsdal er máldagi kirkjunnar frá árinu 1354. Þar kemur fram að kirkjan eigi „afreit j Lanngavatnnsdal“. Í Vilchinsmáldaga fyrir Hítardalskirkju frá árinu 1397 segir að kirkjan eigi „afriett j Langavatsdal“. Í máldaga Staðarhraunskirkju, sem talinn er frá árabílinu 1491-1518, segir m.a. eftirfarandi um eignir kirkjunnar: „Afriettur í Langavatnsdal naut ollum og lia ei odrum.“ Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Hítardal frá því um 1570 segir að kirkjan eigi „affriett i Langavatzdal“. Í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Hítardalskirkju frá 19. september 1642 segir að hún eigi „afriett I Langavatsdal fyrer alltt sitt gielldfie“. Þá er áfram getið um afrétt Hítardalskirkju á Langavatnsdal í fjölmörgum lögfestum og vísitasíum fyrir kirkjuna allt fram á 19. öld.

Jörðin Hrafnabjörg í Dalasýslu átti beitarréttindi á Langavatnsdal samkvæmt kaupbréfi frá 31. desember 1393, en ekki liggja svo fyrir aðrar heimildir um réttindi Hrafnabjarga

á svæðinu fyrr en 527 árum síðar þegar eigandi Ytri-Hrafnabjarga gerði athugasemd við landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps, dags. 2. nóvember 1920, þess efnis að Hrafnabjörg ætti „samkvæmt Hrafnabjarga máldaga tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.“

Fram kemur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1709 að eigendur margra jarða í Álftanes- og Borgarhreppum hafi átt afréttarnot á Langavatnsdal og hafi þau verið tollfrí um langan aldur. Einnig kemur fram í svari sýslumanns Mýrasýslu til Landsnefndarinnar árið 1770 að Langavatnsdalur sé nýttur sem „Almennings Afriett“. Þá segir í jarðamati fyrir Mýrasýslu frá árinu 1804 að Langavatnsdalur sé álitinn vera almenningur og í lýsingum um Langavatnsdal frá árinu 1840 segir að hann sé afréttarland „sem almenningur brúkar“ og bæði Álftaneshreppur og Borgarhreppur hafi þar upprekstur og leiti hvor til sinnar réttar. Loks segir í sýslu- og sóknalýsingum frá 1853 að bæir vestan Gljúfurár eigi afrétt á Langavatnsdal.

Eins og áður segir kemur fram í Landnámu að Bersi goðlauss hafi numið Langavatnsdal allan og búið þar. Verður að telja líklegt að landsvæði það sem hér um ræðir hafi verið numið að verulegu leyti og að einhver byggð hafi verið á hluta þess næstu aldir á eftir. Þannig er þess getið í Jarðabók Árna og Páls að á Langavatnsdal hafi verið sex til sjö bæir sem lagst hefðu í eyði á árunum 1402-1404 af völdum plágunnar svarta dauða og ekki byggst upp frá því. Ekkert liggur hins vegar fyrir um hvernig jarðir þessar eða einstök landsvæði hafa verið afmörkuð eða á hvern hátt eignarréttur að þeim kunni að hafa færst yfir til síðari rétthafa, nú stefnanda.

Fyrirliggjandi heimildir geta um hugleiðingar um nýbýlastofnun á Langavatnsdal og um byggð þar á árunum 1810-1814. Liggja fyrir gögn sem benda til þess að útmæling hafi verið gerð fyrir nýbýli fyrir Jörund nokkurn Ólafsson vorið 1810 í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776, en samkvæmt henni skyldi unnt að stofna til eignarréttar á áður eigendalausum landi að skilyrðum tilskipunarinnar uppfylltum. Skyldi þannig fara fram útmæling á viðkomandi landsvæði undir stjórn sýslumanns og amtmaður síðan gefa út byggingarbréf til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum að öðru leyti verið fullnægt. Byggingarbréfinu skyldi síðan þinglýst og „álitast og gilda sem viss og óbrigðul heimild“. Útgáfa byggingarbréfs og þinglýsing þess tekur þannig af vafa um

stofnun eignarlands á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar og land þess þá frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum, sbr. dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 379/2009. Þrátt fyrir framangreinda útmælingu á nýbýli Jörundar liggur ekkert fyrir um að gefið hafi verið út byggingarbréf vegna þessa þannig að formskilyrðum tilskipunarinnar fyrir stofnun eignarlands væri fullnægt. Hefur stefnanda því ekki tekist að sýna fram á að til slíks réttar hans hafi stofnast með þessum hætti.

Stefnandi hefur og bent á meint eignarhald baróns Charles Gouldrée-Boilleau á tveimur hólum í Langavatni til stuðnings kröfu sinni um eignarrétt á svæðinu. Eins og fram kemur í úrskurði óbyggðanefndar liggur fyrir að Borgarhreppur, forveri stefnanda, fékk hólmunum afsalað til sín 17. mars 1942 og var því afsali þinglýst sama dag. Afsalsgjafinn var ekkja séra Einars Friðgeirssonar á Borg, sem aftur hafði keypt hólmana af dánarbúi barónsins samkvæmt afsali, sem getið er um í dómabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að hafi verið dagsett 1. apríl 1901 og þinglýst 22. maí 2013. Ekkert liggur hins vegar fyrir um hvernig baróninn öðlaðist fyrrgreindan rétt til hólmana, en á grundvelli þeirrar meginreglu íslensks réttar að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir því tilkalli sínu, og að sá sem afsali landi geti ekki afsalað víðtækari rétti en hann sjálfur átti, fer um eignarhald hólmana á sama hátt og um eignarrétt að umræddu svæði í heild sinni.

Að virtu framangreindu og öðrum gögnum málsins verður ekki fallist á með stefnanda að sýnt hafi verið fram á að hann hafi öðlast beinan eignarrétt til þess svæðis sem hér um ræðir fyrir nám, löggerninga eða nýbýlastofnun. Þar sem ekkert liggur fyrir um að búið hafi verið á svæðinu eftir að fyrrgreindum búsetutilraunum lauk á árinu 1814, eða að umráðum þess hafi síðan þá verið háttáð þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign, verður ekki heldur á það fallist með stefnanda að til beins eignarréttar hans á landinu geti hafa stofnast fyrir hefð. Með hliðsjón af framangreindu, og að gættum þeim sönnunarreglum sem mótast hafa á undanförunum árum á þessu sviði og ekki teljast í andstöðu við ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum sé ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

*Mjóidalur og vesturhluti Sátudals*

Þær takmörkuðu heimildir sem til eru varðandi Mjóadal og vesturhluta Sátudals benda til þess að svæði þetta hafi talist til leitarsvæðis Borghreppinga. Þess er einungis getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot og engar heimildir eru um önnur not af því en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nytjar. Þá eru engar heimildir um byggð á svæðinu eða að það hafi nokkru sinni verið hluti jarðar. Verður ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á að hann hafi öðlast rétt til svæðisins fyrir nám, löggerninga eða með öðrum hætti. Svo sem fyrr segir er ekki vitað til þess að nokkru sinni hafi verið búseta á þessu svæði og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi verið háttáð þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Verður því heldur ekki á það fallist með stefnanda að til beins eignarréttar að landinu geti hafa stofnast fyrir hefð. Með hliðsjón af framangreindu, og að gættum þeim sönnunarreglum sem mótast hafa á undanförunum árum á þessu sviði og ekki teljast í andstöðu við ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, er það niðurstaða dómsins að stefnandi hafi ekki tekist að sýna fram á að svæðið Mjóidalur og vesturhluti Sátudals sé ekki þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Samkvæmt því sem að framan er rakið hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að allt svæðið Fjallendi Borgarhrepps teljist þjóðlenda og verður stefndi því sýknaður af dómkröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður. Um gjafsóknarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

Ásgeir Magnússon dómstjóri kveður upp dóm þennan og var við uppkvaðningu hans gætt að ákv. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

**Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Borgarbyggðar.

Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 1.300.000 króna málflutningsþóknun lögmanns stefnanda.

Ásgeir Magnússon